

Kjósarhreppur
Félagsgarði
270 Mosfellsbær



Reykjavík 19. janúar 2016
UST201601-077/B.S.
10.05.07


Efni: Hitaveituframkvæmdir – Kjósarhreppur. Umsögn


Vísað er til bréfs Kjósarhrepps dags. 11. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar varðandi útgáfu framkvæmdaleyfis vegna fyrirhugaðra hitaveituframkvæmda í hreppnum.

Með erindi Kjósarhrepps fylgdi svar Skipulagsstofnunar dags. 22. desember 2015 varðandi erindi Kjósarhrepps dags. 9. desember 2015 þar sem óskað er „*túlkunar Skipulagsstofnunar á því hvort unnt sé að gefa út framkvæmdaleyfi á grundvelli gildandi aðalskipulags.*“ Í svari Skipulagsstofnunar segir m.a.: „*Að mati Skipulagsstofnunar þarf að breyta aðalskipulaginu og skilgreina virkjanasvæði í landi Möðruvalla sem iðnaðarsvæði...Vinna þarf deiliskipulag af borholusvæðinu. Bent er á að hitaveitulögnin er tilkynningarskyld...sbr lið 10.21 í flokki B í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaraðila ber að tilkynna framkvæmdina til ákvörðunar Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. laganna.*“

Í ljósi niðurstöðu Skipulagsstofnunar telur Umhverfisstofnun ótímabært að gefa umsögn um framkvæmdaleyfi þar sem matsskylda framkvæmdarinnar hefur ekki verið könnuð hjá Skipulagsstofnun og ekki hefur verið ráðist í breytigar á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags eins og Skipulagsstofnun bendir á í ofangreindu svari til Kjósarhrepps.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri